

**Samvinnutryggingar:****40% iðgjaldalækkun á skyldutryggingum húsa****Vilja breytingar á lögum um brunatryggingar**

Samvinnutryggingar hafa ákveðið að lækka iðgjöld á skyldutryggingum húsa um 40% miðað við næstu endurnýjun sem er 1. janúar n.k.

Á blaðamannafundi sem forsvarmenn trygginganna héldu í gær sögðu þeir að ástæðurnar fyrir því að iðgjaldalækkun væri möguleg væri þróun í orkumálum, betri brunavarnir, betri húsagerð og betri skrifstofutækni. Það kom fram á fundinum að á hverju ári væri verulegur tekjuafgangur en þó að þessi lækkun kæmi til framkvæmda yrði um 10% tekjuafgangur samkvæmt gerðri áætlun fyrir næsta ár.

Samvinnutryggingar hafa einnig hugsað sér að reyna að fá einhvern þingmann til þess að flytja breytingartillögu við lög-


boðnar brunatryggingar húsa. Reykjavíkurborg hefur heimild skv. ákvæðum 1. greinar laga um brunatryggingar í Reykjavík til að sjá sjálf um tryggingar húsa í Reykjavík. Sveitarfélög skulu einnig semja við Brunabótafélag Íslands en hafa þó heimild til að fara annað. Er það tillaga Samvinnutrygginga að gera þetta val frjálst eins og það er þegar orðið í

**Framkvæmdarstjóri Raunvísindastofnunar Háskólans**

Menntamálaráðuneytið hefur sett Hallgrím Ólafsson viðskiptafræðing framkvæmdastjóra Raunvísindastofnunar Háskólans um eins árs skeið frá 1. janúar 1979 að telja.

flestum ríkjum Evrópu sem þó hafa öll haft svipað kerfi og hér er við lýði.

Tillögur Samvinnutrygginga eru: 1. Að jafnrétti verði komið á milli brunatrygginga í landinu varðandi brunatryggingar húsa með því að nema úr gildi einkaréttarákvæði laga um BÍ. 2. Að nema úr gildi lög um brunatryggingar húsa í þeim tilgangi að fella þessi vátryggingaviðskipti undir almenn lagaákvæði um vátryggingar. 3. Að endurskipuleggja eignamat í landinu á þann veg að einu samræmdu húseignamati verði komið á. 4. Að breyta lögum um brunavarnir og brunamál þannig að nýtt ákvæði komi í lög um að eigendur húsa í landinu séu skyldir að brunatryggja húseignir sínar samkvæmt opinberu húseignamati.




Héðinn Emilsson deildarstjóri brunadeildar Samvinnutrygginga, Benedikt Sigurðsson lögfræðingur, Hallgrímur Sigurðsson framkvæmdastjóri Samvinnutrygginga og Bruno Hjaltsted aðstoðarframkvæmdastjóri skýra fréttamönnum frá fyrirhuguðum iðgjaldalækkunum á blaðamannafundinum í gær. Ljós. Kristján

**Steingrímur sýnir á Kjarvalsstöðum**

STEINGRÍMUR Sigurðsson listmálari opnar í kvöld kl. 20.30 málverkasýningu á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru 60-70 myndir allar málaðar á þessu ári og flestar þeirra eru til sölu. Þetta er 41. sýning Steingríms og jafnframt 2. sýning hans á Kjar-

valsstöðum. Steingrímur hélt sína fyrstu sýningu í Bogasalnum í desember árið 1966 og hefur síðan sýnt víða um land og einnig erlendis.

Sýningin á Kjarvalsstöðum verður opin til 22. desember.



Steingrímur við eitt olfumálverka sinna er sýnir Hest við Ísafjardardjúp (séð úr Vigur). Ljós. Emillía.

**Jólagetraun um umferðarmál fyrir börn í Reykjavík**


UM ÞESSAR mundir er verið að dreifa til allra skólabarna í Reykjavík á aldinum 6-12 ára jólagetraunum um umferðarmál.

Börnin fá getraunablaðið í skóla sínum og er ætlast til að þau fari með það heim og svari síðan spurningum með aðstoð annarra á heimilinu. Þeim tíma sem hver fjölskylda notar til að ræða um vandamál umferðarinnar er vel varið.

Dagana 15-20 desember verða sérstakir póstkassar í lyfjabúðum borgarinnar fyrir getraunablöðin. Skömmu fyrir jól verða dregin út 175 verðlaun en þau eru stórar litprentaðar bækur með sígildum sögum. Á aðfanga-



dag heimsækja lögregluþjónar 175 börn í Reykjavík og færa þeim verðlaunin. Þetta er í tólfta sinn sem lögreglan og umferðarnefnd Reykjavíkur senda út jólagetraun til skólabarna.

**Philips kaffikönnur**  
þessar með eilífðarpokanum

Hella upp á 2-12 bolla í einu og halda heitu.

Philips vörur — Philips þjónusta.

**heimilistæki sf**

HAFNARSTRÆTI 3 — 20455 — SÆTÚN 8 — 15655